

TOPSIL



Votfóður af bestu ✓ gæðum




TOPSIL^{max}

Fáðu það mesta út úr þínu votfóðri


Minna næringarefnatap

Þegar uppskera verkast verður orku- og próteintap (þurrefnistap) sökum virkni örvera og ensíma. Ein leið til að draga úr næringarefnatapi er að lækka sýrstig fóðurs hratt. Með **TOPSIL max** lækkar sýrstig hraðar og næringarefni varðveitast betur.




Aukinn meltanleiki

Þar sem næringarefnatap er minna með **TOPSIL max** verður meltanleiki fóðursins hærrí. Þetta er einkum vegna þess að kolvetnahluti fóðursins er betur varðveittur. TOPSIL max getur aukið orkuinnihald fóðursins um 10-20 fóðureiningar pr. tonn (70-140 VEM).



Meira prótein

Ammoníaksinnihald vot- og rúlluheys gefur til kynna hve mikið prótein hefur brotnað niður við verkun. Ammoníakið er reiknað sem prósentu af heildar köfnunarefnisinnihaldi gróffóðursins. Með notkun **TOPSIL max** minnkar ammoníaksinnihaldið um 3-4%. Ef allt votverkað hey er meðhöndlað með íblöndunarefni fæst allt að 0,5 kg af viðbótarpróteini pr. kú á dag úr fóðrinu.



Meiri nyt

Votverkað hey meðhöndlað með **TOPSIL max** er lystugra og kýr taka betur til fóðursins. Aukið orkuinnihald eykur auk þess nyt og fleiri kíló mjólkur fást úr hverju tonni gróffóðurs.

Tilraun nr.	ÞE át (kg/kú/dag)			Nyt (kg/kú/dag)		
	Viðmið	TOPSIL	Munur	Viðmið	TOPSIL	Munur
1	10,5	10,8	+0,3	25,3	26,7	+1,4
2	10,6	11,9	+1,3	20,0	21,6	+1,6
3	11,2	11,3	+0,1	21,3	22,4	+1,1
4	11,4	12,3	+0,9	25,8	26,8	+1,0
5	12,9	13,2	+0,3	25,9	26,9	+1,0
6	9,5	10,6	+1,1	18,3	19,4	+1,1
7	12,8	12,3	-0,5	19,0	20,0	+1,0
Meðaltal			+0,5			+1,17

TOPSIL^{stabil}

Betra jafnvægi á votverkuðu fóðri

Færri ger- og myglusveppir

Fjöldi ger- og myglusveppa sem og súrefnismagn í fóðri hafa mikið að gera með hversu viðkvæmt fóður er fyrir hita- og mygluskemmdum. Ger- og myglusveppir fylgja með uppskerunni frá náttúrunnar hendi og þegar þeir komast í samband við súrefni við heppileg skilyrði getur líttill fjöldi valdið tjóni. **TOPSIL stabil** fækkar ger- og myglusveppagróum um rúmlega 90%.

Ger og mygla

	Viðmið ómeðhöndlað	TOPSIL stabil
Gersv.	27.426	117
Mygla	19.784	450

Fjöldi þyrpingamyndandi eininga á gramm (CFU)

Minni hitamyndun

Stöðugleiki votverkaðs fóðurs ákvarðast af því hve langan tíma það tekur fóður sem tekið er úr stæðu eða rúllu að hitna um 2 gráður umfram umhverfishita. **TOPSIL stabil** lengir þennan tíma fjórfalt ef borið er saman við ómeðhöndlað fóður.

Stöðugleiki

Viðmið ómeðhöndlað	TOPSIL stabil
59	270

Mælt í klst.

Heimildir: Rannsókn á **TOPSIL** við Institute of Biological, Environmental and Rural Sciences (IBERS) • University of Glasgow • Swiss Federal Research for Animal Production • National Institute for Animal nutrition, Agricultural Research Centre-Ghent • Wye College, Kent • Agri-Food and Biosciences Institute, Hillsborough



Til að ná sem bestum árangri með **TOPSIL** íblöndunarefni er mikilvægt að saman fari góð vinnubrögð við stæðugerð og rúlluverkun. Rétt og hreinlát vinnubrögð við slátt, hirðingu og þjöppun í stæðu ásamt góðri yfirbreiðslu eru mikilvæg. Um leið er mikilvægt að beita skynsamlegum vinnubrögðum við skurð úr stæðu og hafa ekki of mikinn flöt opinn í senn.

Votfóður af bestu ✓gæðum

TOPSIL^{max} notist í grasslægju, smáratöðu, og ertur til að draga úr verkunartapi.

TOPSIL max lækkar sýrustig með skjótum og áhrifaríkum hætti og stöðvar niðurbrot próteina og kolvetna. Útkoman verður orkuríkara votfóður sem er til þess fallið að skila meiri nyt og draga úr þörf á viðbótarfóðri.

TOPSIL max inniheldur eingjerjandi (homofermentative) mjólkursýrubakteríustofna. Einn poki með 200 grömmum dugir í 100 tonn af ferskri slægju.

Notkun: 2 grömm af TOPSIL max blandað í 0,1 - 2,0 líta af hreinu og köldu vatni meðhöndla 1 tonn af ferskri slægju.

TOPSIL^{stabil} notist í kornheilsæði, repjuheilsæði, grasslægju og smáratöðu til að draga úr hitamyndun og myglu. **TOPSIL stabil** dregur úr fjölda ger- og myglusveppa sem minnkar líkur á hitamyndun og myglu í stæðu- og rúlluverkuðu fóðri með háu þurrfrnishlutfalli og fóðri sem reynist erfitt í vinnslu og þjöppun.

TOPSIL stabil inniheldur fjölgerjandi (heterofermentative) mjólkursýrubakteríustofna. Einn poki með 100 grömmum dugir í 100 tonn af ferskri slægju.

Notkun: 1 gramm af TOPSIL stabil blandað í 0,1 - 2,0 lítra af hreinu og köldu vatni meðhöndla 1 tonn af ferskri slægju.



Dreifingaraðili

SH Ensilering
Bådgårdsvej 100
7840 Højslev
Danmörk

Endursöluaðili

 **LÍFLAND**
Brúarvogi 1-3
104 Reykjavík
s. 540-1100
www.lifland.is